

Færni til framtíðar

*Efling samskiptahæfni, skapandi hugsunar,
list- verk- og tæknibekkingar*

VERKVAL Á MIÐSTIGI

SAMSTARF SANDGERÐISSKÓLA, TÓNLISTARSKÓLA
SANDGERÐIS OG ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNDASVIÐS
SUÐURNESJABÆJAR

Sandgerðisskóli
2019 – 2020
UMS-199


Fríða Stefánsdóttir og Hólmsfríður Árnadóttir

Markmið verkefnis

Að efla list-, verk- og tæknibekkingu nemenda ásamt sjálfsbekkingu, samskiptahæfni og skapandi hugsun. Að nemendur fái aukið val og svigrúm út frá áhugasviði til að dýpka þekkingu sína og efla eða uppgötva eigin hæfileika. Að nemendur verði betur í stakk búinir til að mæta þeim áskorunum sem framtíðin ber í skauti sér og við vitum í raun ekki hverjar verða.



Í Aðalnámskrá grunnskóla (2011) er kveðið á um val í námi nemenda og að valgreinar séu hluti af skyldunámi. Sandgerðisskóli sótti því um styrk úr Sprotasjóði til að taka upp valgreinar á miðstigi með líku fyrirkomulagi og tíðkast á unglungastigi. Það er að nemendur í 5.-7. bekk fái að velja sér valgreinar út frá áhuga og á eigin forsendum og þannig tileinka sér þekkingu, leikni og hæfni ásamt jákvæðu viðhorfi til þeirra viðfangsefna sem þeir kjósa. Nám út frá áhugasviði og styrkleikum er hverju barni nauðsynlegt svo það megi njóta æsku sinnar og efla þroska og hæfileika. Þá er einnig nauðsynlegt að efla list-, verk- og tæknimenntun og þannig gefa nemendum tækifæri á að kynnast þáttum sem annars eru gjarnan út undan í hefðbundnu bóknámi.




Framboð á valgreinum tekur mið af lykilhæfni: tjáningu og miðlun, skapandi og gagnrýnni hugsun, sjálfstæði og samvinnu, nýtingu miðla og upplýsinga og ábyrgð og mati á eigin námi. Valið var byggt upp eftir hugmyndafræði Fullans og Scott (2014) "The Six C's". Sú hugmyndafræði lýtur að nýrri kennslufræði þar sem djúpt er farið í einstaka þætti náms og að frumkvæði nemandans, en álit okkar er að sú hugmyndafræði falli vel að lykilhæfni sem og grunnþáttum menntunar. C-in sex sem um ræðir eru eftirfarandi: Mannkostir (e. Character), að efla okkur sem mannesjur í flókinni veröld með áherslu á hugrekki, ákveðni, þrautseigu, áreiðanleika og heiðarleika.

Ríkisborgari/heimsborgari (e. Citizenship), að hugsa um alþjóðleg málefni og hvernig við getum í samvinnu við aðra leyst vandamál sem hafa áhrif að mannkynið, umhverfið og sjálfbærni. Samvinna (e. Collaboration), að vinna einn eða með öðrum að verkefnum sem krefjast verkstjórnunar, öflugri teymisvinnu, sameiginlegri ákváðanatöku og að læra og deila með öðrum. Samskipti (e. Communication), að hafa yfir að ráða færni í stafrænu læsi, hefðbundnu læsi og tjáningu fyrir breiðan

hóp áheyrenda. Sköpun (e. Creativity), að hafa auga nýsköpunar fyrir nýjum leiðum og aðferðum og forystuhæfni til að fylgja þeim eftir.

Gagnrýnin hugsun (e. Critical thinking), að meta upplýsingar og ágreiningsefni á gagnrýnin hátt, að sjá út mynstur og tengingar, að byggja upp þekkingu og nýta í daglegu lífi. Við viljum bæta við sjöunda C-inu: Forritun (e. Coding), að geta sett saman og greint mismunandi merkingu hluta/búta sem saman




mynda takt, hreyfingu, munstur eða ferli. Saman munu þessir þættir ásamt hugmyndafræði skóla án aðgreiningar, sem markvisst er unnið að í Sandgerðisskóla, stuðla að nýsköpun og færni til framtíðar, ásamt því að efla hæfni nemenda til að takast á við áskoranir 21. aldarinnar. Þá falla einkunnarorð skólans; vöxtur, vilji, virðing og vinátta vel að verkefninu sem og námskrá skólans (<https://www.sandgerdisskoli.is/skolastefna-sandgerdisbaejar/>). Í skólanámskrá Tónlistarskóla Sandgerðis stendur ritað meðal annars að hlutverk skólans samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskólanna sé að "stuðla að auknu tónlistarlífi, m.a. með því að hvetja til virkni nemenda og kennara í almennu tónlistarlífi, með samvinnu við aðra mennta- og menningarstofnanir og samstarfi við listamenn". Íþrótta- og tómstundasvið Suðurnesjabæjar vinnur markvisst að því að efla og auka þátttöku, fjölbreytni og samþættingu á framboði íþrótta og tómstunda í nýju sameinuðu sveitarfélagi (<https://www.sandgerdi.is/ithrotta-og-aeskulydsmal/>). Með aðstoð Sprotasjóðs (1. grein laga nr 242/2009) og tilvísun í 2., 13., 24.,

26., 27. og 34. greina laga um grunnskóla nr. 91/2008 ætti undirbúnингur og utanumhald ásamt verkstjórn að verða mögulegt. Allt með það að markmiði að bæta og efla skólastarf og huga að skólapróun út frá nýsköpun og þeirri þekkingu, leikni og færni sem rannsóknir segja að séu forsenda velgengni nemenda á 21. öldinni (Fullan og Scott, 2014; Fisher og Frey, 2010). Hugmyndafræði skóla án aðgreiningar á að grundvallast í skólastarfi á Íslandi og segir Aðalnámskrá (2011) grunnskóla í heimabyggð eiga koma til móts við náms- og félagslegar þarfir nemenda með manngildi, lýðræði og félagslegt réttlæti að leiðarljósi þar sem allir fái jafngild tækifæri til náms og það sé á forsendum hvers og eins. Skólam beri að virða fjölbreytileika, mismunandi þarfir, hæfileika og einkenni nemenda með alhliða hlutdeild, aðgengi og þátttöku allra



með því að bjóða upp á góða menntun fyrir alla (Aðalnámskrá grunnskóla – almennur hluti, 2011, bls. 43; Dóra og flr. 2016). Leiðir að markmiðunum

Hugmyndafræði *Fullans* var kynnt fyrir kennurum og fjórir tímar settir inn á stundatöflu allra verkgreinakennara, umsjónarkennara, tómstundafulltrúa og tónlistarskólakennara. Verkvalið var kennt í tvöföldum tínum á þriðjudögum og fimmtudögum og skipt upp í fjórar lotur yfir skólaárið. Hvert val var því kennt í 16 - 18 kennslustundir. Kennarar, tómstundafulltrúi og tónlistarkennrar voru fengnir til að finna hvað þeir vildu kenna út frá hugmyndafræðinni, aðalnámskrá og áhugasviði. Úr varð að 22 mismunandi valgreinar voru í boði fyrir nemendur og fengu þeir að velja átta af þeim 22 sem voru í boði. Verkefnastjóri sá um að setja saman kynningu á valfögum og setja upp valið í *Office forms*.



Þau völ sem í boði voru:

Bakstur

Boltaleikir

Enskukennsla í leik og myndum

Fatastenslun

Forritun

Hárgreiðsla

Hljómsveitarval

Hollur og góður heimilismatur

Íslendingasögur í mynd og riti

Jákvæð samskipti og leiðtogaþæfni

Kvikmyndagerð

Leiklist og spuni

Málað á striga – skissa að meistaraverki

Samvera og tjáning

Skapað með Minecraft

Skrautskrift og kortagerð

Slökun og boost


Snjallir krakkar

Spilum á spil


Truflaðar tilraunir

Tæknilegó

Útileikir



Frávik og helstu hindranir miða við áætlun verkefnis



Fráviken sem urðu tengdust aðallega breyttu skólastarfi vegna Covid-19. Verkgreinar voru ekki kenndar í 6 vikur ásamt því að nemendur lærðu einungis með þeim hóp sem þeim var skipt í. Það olli því að síðasta lotan í verkvalinu var mun styttri en hinar þrjár í kennslu og því var erfitt að meta nemendur í því verkvali. Auk þessa var ekki haldin vorsýning með afrakstri verkvalsins þar sem fjöldata markanir vegna Covid komu í veg fyrir það. Einnig var erfitt að leysa af í forföllum verkvalið þar sem viðfangsefni hvers verkals var oft á tíðum út frá sérfræðibekkingu kennara og margir kennrar að kenna á þeim tíma sem verkval var og því færri í eyðu.

Oft á tíðum gekk því verkefnastjóri í þau forföll sem var reyndar lærðómsríkt og gaf verkefnastjóra góða sýn á fjölbreytni námsúrvallsins og virkni nemenda. Helstu hindranir voru að allir fengu að fara í það val sem þeir kusu og því var oft á tíðum misräemi í nemendafjölda í hverju vali og álag því mismikið á kennara. Næsta skólaár verður verkvali skipt í fimm lotur í stað fjögurra svo allir nemendur komist í það val sem þeir kjósa og nemendafjöldi haldist innan marka svo allir njóti sín.

Mat og helsti ávinningur af vinnu við verkefnið

Helstu markmið verkefnis var að auka þekkingu, leikni og færni nemenda í fagi að eigin vali og út frá áhugasviði. Að nemendur fengju tækifæri til að dýpka þekkingu á sínu áhugasviði sem í kjölfarið gæfi þeim aukið sjálfstraut í námi. Verkefnið átti að stuðla að því að fjölbreyttum þörfum nemenda í skóla án aðgreiningar væri sinnt. Verkefnið stóðst allar þær væntingar og langt um betur. Í ánaegjukönnun til verkvals sem verkefnastjóri lagði fyrir nemendur var 100% ánægja nemenda með verkval og 100% nemenda vildu að verkval yrði aftur í sömu eða svipaðri mynd á næsta ári. Kennrar voru einnig spurðir um ánægju með verkvalið og vildu allir kennrar nema einn kenna aftur verkval á næsta skólaári og voru flest allir kennrar strax í janúar að



spá í hvað þeim langaði að kenna í verkvali á næsta skólaári. Verkval var kynnt fyrir foreldrum á foreldrafundi og voru viðbrögðin afar jákvæð.

Hér á Suðurnesjum er hvergi á landinu eins mikil aðsókn í iðnnám eftir grunnskóla og er því mikilvægt að grunnskólar tali iðnmenntun upp og geri henni hærra undir höfði. Verkval stuðlaði að því að



árgangar blönduðust og fengu því nemendur að kynnast fleiri börnum sem skilaði sér í aukinni gleði og aldursblöndun í leikjum í frímínútum. Nemendur sem jafnvel eru með minna sjálfstraust í námi vegna getu í bóklegum fögum fengu að sýna styrkleika sína og njóta sín í námi sem þeir voru sterkir í. Upplýsingatækni og eðlisfræði fengu líka aukið vægi í námsskrá nemenda.


Hvert verkval var metið út frá hæfniviðmiðum Aðalnámsskrár grunnskóla og í vitnisburði nemenda var umsögn og hvaða verkval nemandi hefði lokið.

Niðurstöður


Verkval heppnaðist vonum framar og nú næsta skólaár verður verkval aftur í boði í svipaðri mynd. Við höfum einnig tekið þá ákvörðun að færa hugmyndina líka á yngsta stig og verður því val fyrir nemendur á öllum aldursstigum. Námsval verður ekki endilega í sömu mynd en áherslan verður á fjölbreytni, nýsköpun, tækni, hreyfingu, núvitund og listsköpun.

Undirskrift:

Sandgerði, 12.06.2020



Fríða Stefánsdóttir



Hólsmríður Árnadóttir

Viðauki - Áætlun um kynningu á verkefni

<i>Ágúst 2019</i>	<ul style="list-style-type: none">- Kennrar funda og ákveða kennslufyrirkomulag og valgreinar- Kennrar ásamt verkefnastjóra útbúa glærukynningu fyrir nemendur og foreldra- Verkval kynnt fyrir foreldrum og nemendum.- Valgreinar settar upp í Office forms og nemendur skrá inn í spjaldtölwu hvaða val þeir ætla í skólárið 2019 – 2020.
<i>Október 2019</i>	<ul style="list-style-type: none">- Verkval kynnt fyrir skólaráði Suðurnesjabæjar
<i>Nóvember 2019</i>	<ul style="list-style-type: none">- Fundað með öllum sem koma að verkvalinu og farið yfir hvernig gengur og hvað mætti ganga betur.
<i>Janúar 2020</i>	<ul style="list-style-type: none">- Fundað með öllum sem koma að verkvalinu og farið yfir hvernig gengur og hvað mætti ganga betur.
<i>Mars 2020</i>	<ul style="list-style-type: none">- Ánægjukönnun lögð fyrir nemendur og kennara- Niðurstöður kynntar fyrir nemendum, foreldrum og kennurum, á heimasíðu skóla og samfélagsmiðlum.
<i>Mai 2020</i>	<ul style="list-style-type: none">- Námsmat og fundur með kennurum um verkvalið- Ákvörðun tekin að halda áfram með verkval á næsta ári og gera svipað verkval fyrir 1. – 4. bekk.
<i>Ágúst 2020</i>	<ul style="list-style-type: none">- Kynning á verkvalinu fyrir aðra skóla innan fjölskyldusviðs Suðurnesjabæjar og sveitarfélagsins Voga.
<i>Skólaárið 2020 - 2021</i>	<ul style="list-style-type: none">- Vonumst eftir því að kynna verkvalið á fleiri stöðum og í fleiri skólum.- Verkval kynnt fyrir nemendum og foreldrum yngsta stigs.

